

Akureyrarbær
Rebekka Rut Pórhallsdóttir

Reykjavík, 21. október 2024

Tilvísun:202410023 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna breytinga á ákvæðum og aukinna byggingarheimilda á verslunar- og þjónustusvæði VP13

Akureyrarbær hefur, með erindi dags. 9. október 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 9. ágúst 2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að bæta nýtingu lóðar og heimila búsetu á efri hæðum bygginga á reit verslunar- og þjónustusvæði VP13 sem staðsettur er á milli íbúðarhverfanna Naustahverfis og Hagahverfis. Áform eru um bílastæðakjallara undir húsi og aukið byggingarmagn. Í stað einnar hæðar byggingar geti risið allt að 5 hæða byggingar á reitnum.

Samhliða verður gerð breyting á gildi deiliskipulagi Naustahverfis, 3. áfangi Hagahverfi.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar.

Stafrænt aðalskipulag

Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Berglind Sigurðardóttir

* Rafraen skilríki



Berglind Sigurðardóttir

Berglind Sigurðardóttir
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með OneSign